

Taktu skref áfram

„Allt á upptök sín í réttindum annarra og þeirri eilífri skyldu minni að virða þau.”


Emmanuel Lévinas

Málefni	Mismunun og útlendingahatur, fátækt, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	10–30
Tími	60 mínútur
Yfirlit	Við erum öll jöfn, en sumir eru jafnari en aðrir. Í þessu verkefni kynnst þátttakendur því hvernig það er að vera einhver annar í samfélaginu. Meðal málefna sem fjallað er um: <ul style="list-style-type: none"> • Hvernig þjóðfélagslegt misrétti leiðir oft til mismununar og útilokunar. • Samkennd og takmörk hennar.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til að vera ekki mismunað. • Rétturinn til að njóta jafnræðis og virðingar. • Jafn réttur til félagslegra réttinda.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að stuðla að samkennd með þeim sem eru öðruvísi. • Að efla vitund um ójöfn tækifæri í samfélaginu. • Að vekja skilning á þeim afleiðingum sem það getur haft fyrir einstaklinginn að tilheyra vissum þjóðfélagslegum minnihlutahópum eða menningarhópum.
Efniviður og aðstaða	<ul style="list-style-type: none"> • Hlutverkaspjöld. • Opið rými (anddyri, stórt herbergi eða svæði utandyra). • Geisladiskspilari eða segulbandstæki og róleg/slakandi tónlist.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lestu verkefnið vandlega. Lestu listann yfir „aðstæður og atvik“ og lagaðu hann að hópnum sem þú vinnur með. • Útbúðu hlutverkaspjöldin, eitt á hvern þátttakanda. Ljósritaðu blaðið (aðlagð) eða skrifaðu það upp, klipptu út miðana og brjóttu þá saman.

Leiðbeiningar

1. Skapaðu notalegt andrúmsloft með rólegri tónlist í bakgrunni.
2. Þú getur líka beðið þátttakendur að hafa þögn.
3. Afhentu hlutverkaspjöldin af handahófi, eitt á mann. Segðu þátttakendum að halda þeim fyrir sig og ekki sýna þau neinum öðrum.
4. Láttu þá setjast (helst á gólfíð) og lesa það sem á þeim stendur.
5. Segðu þeim að byrja nú að lifa sig inn í hlutverk sín. Hjálpaðu þeim með því að lesa einhverjar af eftirfarandi spurningum upphátt, og hafðu stutt hlé á milli, svo að þeir geti velt hlutunum fyrir sér og byggt upp mynd af persónunni og ævi hennar:

MÁLEFNI



MISMUNUN



FÁTÆKT



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG

STIG 4


STIG 3

STIG 2

STIG 1

STIG 2

HÓPSTÆRÐ



10–30

TÍMI



60 MÍNÚTUR

- Hvernig var æska þín? Í hvernig húsi áttir þú heima? Hvernig lékst þú þér? Við hvað unnu foreldrar þínir?
 - Hvernig er daglegt líf þitt núna? Hverja umgengst þú? Hvað gerir þú á morgnana, síðdegis og á kvöldin?
 - Hvernig eru lífsvenjur þínar? Hvar áttu heima? Hvað ertu með í tekjur á mánuði? Hvað gerir þú í frístundum þínum? Hvað gerir þú í fríum?
 - Hvað finnst þér spennandi og hvað hræðist þú?
6. Segðu nú þátttakendum að hafa algera þögn meðan þeir raða sér upp hlið við hlið (eins og til að hefja kapphlaup).
 7. Segðu þeim að þú ætlir að lesa upp lista yfir aðstæður eða atvik. Í hvert sinn sem þeir geta svarað setningu með „já“ mega þeir taka skref áfram. Annars verða þeir að vera þar sem þeir eru og mega ekki færa sig.
 8. Lestu lýsingarnar á aðstæðum, eina í einu. Taktu smáhlé eftir hverju lýsingu til að gefa þátttakendum tíma til að stíga fram og líta í kringum sig og sjá hvar þeir standa miðað við aðra.
 9. Í lokin skaltu biðja alla að athuga hver lokastaða þeirra er. Gefðu þeim síðan nokkrar mínútur til að fara út úr hlutverkinu áður en samantektin hefst.

Samantekt og mat

Byrja ætti á því að spyrja þátttakendur hvað gerðist og hvað þeim finnst um verkefnið og ræða síðan málefnið sem fjallað var um og hvaða lærdóm þeir drógu af því.

- Hvernig fannst þátttakendum að taka skref áfram – eða ekki?
- Hvenær fóru þeir sem tóku oft skref áfram að taka eftir því að aðrir hreyfðust ekki jafnhratt og þeir?
- Fannst einhverjum koma upp aðstæður þar sem grundvallarréttindi þeirra voru hunsuð?
- Geta þátttakendur giskað á hvert hlutverk hinna er? (Þátttakendur eiga að greina frá hlutverkum sínum þegar þarna er komið í umræðunni.)
- Hvernig gekk að leika þessi hlutverk? Hvernig ímynduðu þátttakendur sér útlit persónunnar sem þeir voru að leika?
- Endurspeglar verkefnið þjóðfélagið á einhvern hátt? Hvernig?
- Hvaða mannréttindi voru í húfi í hverju hlutverki? Gat einhver fullyrt að mannréttindi hans væru ekki virt eða stæðu honum ekki til boða?
- Hver gætu fyrstu skrefin verið í baráttunni gegn misrétti í þjóðfélaginu?

Ábendingar til leiðbeinanda

Ef þetta verkefni fer fram utandyra þarf leiðbeinandinn að gæta þess að þátttakendur heyri til hans, einkum ef hópurinn er stór! Hugsanlega þarf hann aðstoð við að koma lýsingunum á aðstæðum til skila.

Einhverjir þátttakendur kunna að vera tregir til að lifa sig inn í hlutverk sitt og bera því við að þeir viti lítið um líf persónunnar sem þeir eiga að leika. Þá þarf að segja þeim að þetta skipti ekki máli, þeir eigi að nota ímyndunaraflíð og gera sitt besta.

Þetta verkefni er áhrifamikilið því að greinilega sést hvernig fjarlægðin eykst milli þátttak-

endanna, sérstaklega í lokin þegar verulegt bil á að vera komið milli þeirra sem tóku oft skref áfram og þeirra sem gerðu það ekki. Til að auka áhrif þess er mikilvægt að breyta hlutverkunum þannig að þau endurspegli raunveruleikann í lífi þátttakenda. Þegar það er gert þarf að gæta þess að eftir sem áður verði hlutverkin þannig að aðeins lítill hluti þátttakenda taki skref áfram (þ.e. geti svarað „já“). Þetta á einnig við ef hópurinn er stór og þá þarf til fleiri hlutverk.

Við samantektina og matið er mikilvægt að kanna hvernig þátttakendur gerðu sér mynd af persónunni sem þeir áttu að leika. Var það af persónulegri reynslu eða eftir öðrum leiðum (af fréttum, bókum eða skriflum)? Eru þeir vissir um að upplýsingarnar og myndin sem þeir hafa af persónunni séu áreiðanlegar? Með þessum hætti er hægt að sýna hvernig staðalmyndir og fordómar hafa áhrif.

Þetta verkefni hentar vel ef tengja á ólíkar kynslóðir réttinda (borgaraleg/pólítísk og félagsleg/efnahagsleg/menningarleg réttindi) og möguleikana á þeim. Vandamál vegna fátæktar og félagslegrar útlökunar snúast ekki aðeins um formleg réttindi – þó að hið síðarnefnda eigi til dæmis við um flóttamenn og hælisleitendur. Vandinn snýst oft um það að eiga í raun kost á þessum réttindum.

Tilbrigði

Ein leið til að fá fleiri hugmyndir upp á borðið og dýpka skilning þátttakenda er að vinna fyrst í litlum hópum og láta síðan alla koma saman og skiptast á hugmyndum. Ef þetta er gert þarf leiðbeinandinn að hafa aðstoðarmenn. Reyna mætti þessa aðferð með því að taka síðari hluta samantektarinnar – þegar greint hefur verið frá hlutverkunum – í minni hópum. Þá er hægt að láta þátttakendur kanna hverjum í samfélaginu bjóðist fleiri tækifæri en öðrum og hvernig megi hefja baráttuna gegn þessu misrétti. Einnig er hægt að biðja þátttakendur að taka fyrir eina af persónunum og spyrja hvað sé hægt að gera, þ.e. hvaða skyldur og ábyrgð þeir sjálfir, samfélagið og stjórnvöld hafi gagnvart viðkomandi.

Tillögur um framhald

Leiðbeinandinn gæti boðið fulltrúum í stuðningssamtökum tiltekinna minnihlutahópa að tala við hópinn, en það fer eftir félagslegum aðstæðum hverju sinni. Hægt er að fá upplýst hvaða málum þeir eru að berjast fyrir þessa stundina og hvernig ungt fólk getur aðstoðað. Slíkur fundur, augliti til auglitis, er líka kjörið tækifæri til að taka fyrir einhverja fordóma eða staðalmyndir sem vart hefur orðið við í umræðunum.

Ef þátttakendur vilja kynna sér betur vandamál sem tengjast framboði á menntun í heiminum og þeim leiðum sem eru farnar til að reyna að leysa þau er bent á verkefnið „Menntun fyrir alla?“ á bls. 175.

Hugmyndir um aðgerðir

Nota má tillögurnar um framhald hér að framan. Síðan er hægt að fjalla um það hvernig leiðbeinandinn og þátttakendur geti í sameiningu hjálpað hópum og samtökum sem aðstoða minnihlutahópa, og látið svo verkin tala.

Lykildagsetning

18. desember

Alþjóðadagur farandfólks

EFNI TIL DREIFINGAR

Hlutverkasþjöld

Þú ert atvinnulaus, einstæð móðir.	Þú ert ólöglegur innflytjandi frá Malí.
Þú ert arabísk múslímastúlka sem býr hjá foreldrum sínum sem eru strangtrúað fólk.	Þú ert formaður ungliðahreyfingar stjórnmálaflokks (og sá flokkur er nú við völd).
Þú ert dóttir bankaútibússtjórans í hverfinu. Þú leggur stund á hagfræði í háskólanum.	Þú ert sonur kínversks innflytjanda sem rekur vinsælan skyndibitastað.
Þú ert nítján ára, sonur bónda í afskekktu fjallahéraði.	Þú ert dóttir bandaríska sendiherrans í landinu sem þú átt nú heima í.
Þú ert liðsmaður í hernum, gegnir herskyldu núna.	Þú átt inn- og útflutningsfyrirtæki sem gengur mjög vel.
Þú ert fatlaður ungur maður sem aðeins getur hreyft sig í hjólastól.	Þú ert fyrrverandi starfsmaður skóverksmiðju og ert á eftirlaunum.
Þú ert sautján ára gömul Rómastúlka (sígauni) sem aldrei lauk barnaskóla.	Þú ert kærasta ungs listamanns sem er heróínneytandi.
Þú ert alnæmissmituð, miðaldra vændiskona.	Þú ert 22 ára lesbía.
Þú ert atvinnulaus grunnskólakennari í landi með opinbert tungumál sem þú talar ekki vel.	Þú ert tískufyrirsæta af afrískum uppruna.
Þú ert 24 ára flóttamaður frá Afganistan.	Þú ert heimilislaus ungur maður, 27 ára gamall.

Aðstæður og atvik

Lestu eftirfarandi lýsingar á aðstæðum upphátt. Gerðu smáhlé eftir hvern lestur svo að þátttakendur geti tekið skref áfram og einnig séð hversu langt þeir eru komnir miðað við hina.

- Þú hefur aldrei lent í neinum alvarlegum fjárhagserfiðleikum.
- Þú býrð í viðunandi húsnæði með síma og sjónvarpi.
- Þér finnst virðing borin fyrir tungumáli þínu, trú og menningu í landinu þar sem þú átt heima.
- Þér finnst tekið tillit til skoðana þinna á félagslegum og pólitískum málefnum og finnur að hlustað er á skoðanir þínar.
- Annað fólk ráðfærir sig við þig um ýmis mál.
- Þú hræðist það ekki að lögreglan stöðvi þig.
- Þú veist hvert þú átt að snúa þér til að fá ráðgjöf og aðstoð ef þú þarft á slíku að halda.
- Þér hefur aldrei fundist þú vera beitt/ur misrétti vegna uppruna þíns.
- Þú nýtur þeirrar félagslegu aðstoðar og heilbrigðisþjónustu sem þú þarft á að halda.
- Þú getur farið burt í frí árlega.
- Þú getur boðið vinum þínum í mat heima hjá þér.
- Þú lifir skemmtilegu lífi og ert bjartsýn/n á framtíðina.
- Þér finnst þú geta lært og starfað við það sem þú hefur áhuga á.
- Þú hræðist það ekki að verða fyrir árásum á götum úti eða í fjölmiðlum.
- Þú getur kosið í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum.
- Þú getur tekið þátt í mikilvægustu trúarhátíðum með ættingjum og nánnum vinum.
- Þú getur tekið þátt í alþjóðlegri ráðstefnu erlendis.
- Þú getur farið í bíó eða leikhús minnst einu sinni í viku.
- Þú hefur ekki áhyggjur af framtíð barna þinna.
- Þú getur keypt þér ný föt að minnsta kosti þriðja hvern mánuð.
- Þú getur orðið ástfangin/n af þeim sem þú vilt.
- Þér finnst hæfileikar þínir viðurkenndir og virtir í samfélaginu sem þú býrð í.
- Þú getur notað Netið og haft gagn af því.